

Inngangur

Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga. Ölgerðin leggur sig fram við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt, samfélag og samstarfsaðila með því að vinna að stöðugum endurbótum á rekstri, ferlum og vinnuvenjum. Samfélagsverkefnum fyrirtækisins er skipt í fjóra flokka; umhverfi, samfélag, markaðinn og fyrirtækið sjálft. Fylgst er með framgangi verkefna með mælingum þar sem við á a.m.k einu sinni á ári og skýrsla gefin út um stöðu og árangur á hverju ári.

Í tilefni af 100 ára afmæli Ölgerðarinnar einsetti Ölgerðin sér að taka á 100 metnaðarfullum atriðum varðandi samfélagsábyrgð, gangast undir Global Compact fyrir árið 2014 og skila framvinduskýrslu. Breiður hópur starfsmanna skilgreindi verkefni og myndaði grunnlínu í stefnu Ölgerðarinnar um samfélagslegsábyrgð. Tíu viðmið Global Compact koma við sögu í samfélagsábyrgðarstefnu okkar en þau snúa að mannréttindum, vinnuumhverfinu, umhverfi og spillingu.

Sum samfélagsábyrgðarverkefni okkar eru nýlega hafin en önnur höfum við unnið að í lengri tíma. Eitt dæmi um slíkt verkefni er að minnka plastið sem við notum í flöskurnar okkar og hefur Ölgerðin náð að minnka plastnotkun um 70 tonn á undanförunum árum og ætlum við að ná 30 tonna sparnaði til viðbótar. Þetta magn dugar í 4 milljónir plastflöskur. Ölgerðin hefur lengi lagt áherslu á að fólk fái greidd jafnhá laun fyrir jafnverðmæt störf. 2013 fengum við jafnlaunavottun VR erum þar með orðin eitt af 10 fyrirtækjum landsins sem hafa fengið slíka vottun.

Við höfum bjartsýnina að leiðarljósi eins og Tómas Tómasson, stofnandi Ölgerðarinnar. Við trúum því að Ísland geti tekið sér forystuhlutverk varðandi samfélagsábyrgð fyrirtækja. Ímynd Íslands er sterk þegar kemur að hreinni íslenskri náttúru, nýtingu auðlinda, menningu og listum. En það er undir okkur öllum komið, hverjum og einum, að móta samfélagið. Tökum ábyrgð í mótun samfélagsins fyrir komandi kynslóðir.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar

Fyrirtækið

Ölgerðin er 100 ára og sú reynsla sem kemur af þeim árum er ómetanleg. Við gerum okkur grein fyrir að ánægja starfsfólks skiptir sköpum í rekstri fyrirtækisins og viljum stuðla að jákvæðu og skemmtilegu umhverfi til að allir geti notið þess að vinna saman. Ölgerðin hefur jafnlaunastefnu, heilsufar, hreyfingu og sveigjanleika að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á góðan og hollan mat, öruggt vinnuumhverfi og að vinna og einkalíf geti haldist í hendur.

1 SKÝRSLA UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Markmiði náð 

Samfélags- og samskiptastjóri kynnrir reglulega framgang verkefna er snúa að samfélagábyrgð til að starfsfólk sé upplýst um framgang mála og vakandi yfir markmiðum.

2 NÚLLSLYSASTEFNA

Í vinnslu 

Öryggi starfsmanna er í fyrirrúmi hjá Ölgerðinni, Ölgerðin er með núllslysastefnu og með fræðslu til starfsmanna til að reyna að koma í veg fyrir slys. Ef slys eiga sér stað þá eru þau skráð og úrbætur eru gerðar á aðbúnaði eða verklagi til að draga úr þeim.

**STEFNUM Á AÐ
VERA SLYSALAUS**



3 UMGENGNI UM BÍLASTÆÐI OG BÍLASTÆÐAHÚS

Ekki hafið 

Ef allir bakka í bílastæði og gæta þess að leggja einungis í merkt stæði er rýming svæðis mun öruggari og sneggri. Skilti verða sett upp í bílastæðahúsi þar sem fólk er hvatt til að bakka í stæði til að auka öryggi.

4 BÚNINGSAÐSTAÐA FYRIR STARFSFÓLK



Hreyfing er góð fyrir líkamlega og andlega heilsu og því leggur Ölgerðin áherslu á að starfsmenn geti farið í sturtu ef þeir t.a.m. hjóla eða hlaupa til vinnu. Sturtuaðstaða er fyrir starfsfólk á nokkrum stöðum í húsinu, skýringarmyndir verða settar upp til að starfsfólk átti sig betur á því hvaða aðstaða er í boði.

5 UPPLÝSINGAR UM VÖRUR OG INNIHALD ÞEIRRA



í

Innihald vara skiptir miklu máli og starfsmenn fá fræðslu í því. Starfsmenn eru fræddir um þær vörur sem Ölgerðin framleiðir og fá upplýsingar um innihald þeirra. Vörurnar eru einnig bornar saman við sambærilegar vörur. Kynningar um vörur fara aðallega fram á föstudagsfundum starfsmanna.

6 STARFSÁNÆGJA



Lykillinn að velgengi fyrirtækja er a hluta fólgin í mannauði þeirra, því er mikilvægt að starfsmönnum líði vel í vinnunni. Starfsánægja er mæld og fylgst með þróun hennar. Markmiðið er að starfsánægja mælist >5,9 stig á kvarðanum 1-7. Undanfarin ár höfum við skorað hærra en 5,9 og 2013 mældist ánægja starfsmanna 6,3



7 JAFNRÉTTISSTEFNA



Það er stefna Ölgerðarinnar að fyllsta jafnréttis sé gætt óháð kyni, aldri, kynhneigð, þjóðerni, litarhafti, trú eða stjórnmálaskoðunum. Hver starfsmaður er metinn og virtur að verðleikum á eigin forsendum. Þannig er tryggt að allir eigi jafna möguleika og tækifæri til þróunar í starfi. Jafnréttisstefna er einnig höfð til hliðsjónar við gerð markaðsefnis.

8 JAFNLAUNASTEFNA

Markmiði náð 

Ölgerðin hefur það að markmiði að uppfylla skilyrði um að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir sömu og jafnverðmæt og sambærileg störf. Þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá fyrirtækinu. Ölgerðin hefur hlotið jafnlaunavottun VR og er unnið að því að fá Gullmerki í jafnlaunaúttekt PwC.



9 FYRIRTÆKI ÁRSINS - VR KÖNNUN

Markmiði náð 

Ölgerðin færðist upp í 11. sæti á lista VR yfir fyrirtæki ársins 2013 úr 26. sæti frá fyrra ári. Við stefnum nú að því að verða á topp 10 listanum árið 2014.



10 FÉLAGAFRELSI

Markmiði náð 

Ölgerðin styður við félagafrelsi starfsmanna og viðurkennir rétt til kjarasamninga. Það er liður í Global Compact viðmiðunum og er öllum starfsmönnum Ölgerðarinnar frjálst að vera í stéttarfélagi, fyrirtækið virðir ákvarðanir stéttarfélaga og styður starfsfólk til þátttöku í starfi.

11 ÍPRÓTTASTYRKUR TIL STARFSFÓLKS

Markmiði náð 

Starfsmenn fá íþróttastyrki á ári hverju til alls kyns íþróttaiðkunnar allt eftir áhugasviði hvers og eins. Síðastliðinn fjögur ár hefur íþróttastyrkþegum fjölgað úr 34 í 120.

12 HEILSUFAR STARFSFÓLKS

Markmiði náð 

Fylgst er með þróun veikindadaga og er markmiðið að vera undir 3%. Undanfarin fimm ár hefur því markmiði verið náð.



13 HEILSUVIKA

Markmiði náð 

Árlega er haldin heilsuvika Ölgerðarinnar þar sem markmiðið er að bæta andlega og líkamlega heilsu starfsfólks. Boðið er m.a. upp á nudd, heilsufarsmælingar, jóga og fyrirlestra af ýmsu tagi. Lagt er upp úr hollum og góðum mat og hefur það ásamt fyrirlestrunum og nuddi verið það sem starfsmenn meta mest.

14 UPPLÝSINGAFLÆÐI

Í vinnslu 

Unnið er markvisst að því að starfsmenn séu vel upplýstir hvort sem á við um almennar fréttir frá Ölgerðinni; nýjar vörur, viðburði, verðlaun, heimsóknir birgja og annað sem viðkemur starfsmönnum fyrirtækisins á beinan eða óbeinan hátt. Fréttir birtast á innraneti sem og á skjám í mötuneyti. Árið 2013 voru settar inn 30 fréttir og er markmiðið að setja allavegana einu sinni í viku inn frétt. Einnig voru haldir 38 föstudagsfundir og 2 stórir starfsmannafundir. Starfsmannafélag Ölgerðarinnar, Mjöldur, er einnig með Facebook síðu þar sem upplýsingar um viðburði, myndir, fréttir og tilboð er að finna.

15 FJÖLSKYLDUVÆN STEFNA

Í vinnslu 

Ánægja starfsmanna felst m.a. í samræmingu vinnu og einkalífs og skiptir þar sveigjanleiki og aðstaða á vinnustað t.a.m barnaherbergi miklu máli. Ölgerðin heldur áfram að vinna í því að sveigjanleiki í vinnu sé í fyrirrúmi þar sem því er viðkomið, framfylgja vinnulöggjöf og draga úr yfirvinnu.

16 ÖLGERÐARSKÓLINN

Markmiði náð 

Allir nýjir starfsmenn sitja Ölgerðarskólann, framkvæmdastjórar kynna deildir sínar og farið er yfir ferla og vinnuvenjur. Skólinn tók til starfa árið 2012 þá sátu 63 nýir starfsmenn sem og sumarstarfsmenn skólann en fjölgaði þeim í 79 árið 2013.



17 STARFASKIPTI

Í vinnslu 

2014 stefnum við að því að 10% starfsmanna fari í starfaskipti. Í dag hafa starfsmenn tækifæri á starfaskiptum innan Ölgerðarinnar en ekki hefur verið sett upp mælanleg stefna. Árið 2013 fóru 14 starfsmenn í starfaskipti eða í samtals 68 klukkustundir. Starfsmenn sem tóku þátt í starfaskiptunum voru einstaklega ánægðir með þau, þótti þau gagnleg og gaf þeim dýpri skilning á hinum ýmsu störfum innan Ölgerðarinnar.

18 LÆKNISÞJÓNUSTA

Markmiði náð 

Trúnaðarlæknir heimsækir Ölgerðina í hverjum mánuði. Gefst starfsfólki þá m.a. kostur á að fá blóðþrýstingsmælingu, blóðsykursmælingu sem og bólusetningu og að sjálfsgöðu almenna læknisþjónustu. 67 starfsmenn nýttu sér bólusetningu árið 2013 og 74 fóru í hinar ýmsu mælingar.

19 BLÓÐBÍLLINN

Í vinnslu 

Stefnt er að því að fá Blóðbíllinn einu sinni á ári í heimsókn til Ölgerðarinnar en hingað til hefur bíllinn verið samnýttur með öðrum fyrirtækjum í nágrenninu. Mun það einfalda starfsmönnum að gefa blóð og þar með láta gott af sér leiða.



20 FRÆÐSLA OG SÍMENNTUN

Markmiði náð 

Mikilvægt er að starfsmenn hafi tækifæri á endurmenntun í starfi. Ýmis fræðsla er í boði fyrir starfsmenn t.a.m. tímastjórnun, líkamsbeiting og þjálfun í tölvukerfum. Yfir 50 námskeið voru í boði fyrir starfsmenn árið 2013 og var 2037 klukkustundum varið í námskeið á árinu.

21 HJÓLAÐ Í VINNUNA

Markmiði náð 

Stefnt er á að enn fleiri taki þátt í átakinu Hjólað í vinnuna. Meginmarkmið átaksins er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Árið 2013 voru 33 starfsmenn Ölgerðarinnar skráðir í 6 hópa og hjóluðu þeir samtals 2.441 km. Árið 2014 er markmið að heildarfjöldi km verði 2500 km.



22 VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA ÁFALLA

Markmiði náð 

Hjá Ölgerðinni er virk viðbragsáætlun vegna slysa og áfalla. Þegar áföll verða er starfsfólki veitt ráðgjöf og aðstoð. Ferlið fer eftir eðli hvers máls og er mismunandi eftir atvikum. Helstu viðbrögð eru að samstarfsfólk fær upplýsingar eins fljótt og auðið er. Haft er samband fjölskyldu aðkomandi og prestur eða önnur áfallahjálpar fengin til aðstoðar.

23 SAMGÖNGUSAMNINGUR

Í vinnslu 

Það er stefna Ölgerðarinnar fyrir 2014 að gera samgöngusamning við þá starfsmenn sem kjósa að koma ekki á einkabíl til vinnu.

24 FÆÐUVAL Í MÖTUNEYTI

Markmiði náð 

Starfsmönnum er boðið upp á hollan og góðan mat á hverjum degi. Salatbar og skyr eru alltaf í boði og er ávöxtum einnig dreift á allar hæðir. Að jafnaði eru 130 manns í mat á dag sem gerir um 2800 máltíðir á mánuði fyrir utan morgunmat og aðrar vörur sem starfsmenn hafa kost á að kaupa.



25 TJÓNASKÝRSLA

Markmiði náð 

Skýrsla er gerð um tjón á t.a.m. bifreiðum og tækjum í eigu Ölgerðarinnar. Árið 2013 voru 66 tjón á ökutækjum Ölgerðarinnar og er að sjálfsögðu stefnt að fækkun þeirra en floti okkar er 125 bílar.

Markaðurinn

Ölgerðin framleiðir og selur vörur hérlendis sem erlendis. Sumar þessara vara geta verið óhollar ef þeirra er neytt í of miklu mæli. Ölgerðin gerir sér grein fyrir því og leggur því ríka áherslu á að fræða almenning um innihald vara og merkja vörur skýrum innihaldslýsingum. Ölgerðin býður nú upp á minni einingar og framfylgir skýrri stefnu um auglýsingar gagnvart börnum og ábyrga neyslu áfengis.

26

VIRÐUM ÁFENGISKAUPAALDUR

Markmiði náð



Ölgerðin fer eftir áfengislögum og afgreiðir ekki áfengi til einstaklinga undir 20 ára aldri. Ef Ölgerðin er með bjórskóla, kynningar eða aðra viðburði þá eru viðstaddir beðnir um að sýna skilríki til að sanna aldur sinn áður en þeim er veittur áfengur drykkur.

27

GÆÐASTEFNA

Í vinnslu



Ölgerðin framleiðir og býður upp á vandaðar og góðar vörur og vörumerki. Stefnt er að innleiðingu vottaðs gæðakerfis árið 2014 samkvæmt ISO 9001 staðlinum. Gæðastjórnunarkerfið nær utan um stjórnskipulag fyrirtækisins ásamt skipulagningu, ferlum, auðlindum og skjalfestingu til að uppfylla gæðamarkmið. Fylgt er ákveðnum stöðlum til að bæta vörur og þjónustu og til að uppfylla kröfur viðskiptavina.

28

ÁBYRG NEYSLA ÁFENGIS

Ekki hafið



Við einsetjum okkur að kynna á ýmsum vettvangi forvarnarstarf um ábyrga neyslu áfengis. Stefnt er að kynningu á slíkum forvörnum t.a.m. í íþróttamiðstöðum og kvikmyndahúsum.

29

ÁBYRG NEYSLA ÁFENGIS Á VEITINGAHÚSUM

Ekki hafið



Stefnt er að frekara forvarnarstarfi um ábyrga neyslu áfengis þar sem skilaboðunum er komið á framfæri í gegnum auglýsingar á vörum Ölgerðarinnar. Stefnt er á að forvarnarefni verði dreift á veitingastaði en einnig er verið að vinna að samstarfi við leigubílastöðvar og lögregluna.

30

ÁBYRG AUGLÝSINGASTEFNA GAGNVART BÖRNUM

Í vinnslu 

Ölgerðin hefur sett sér ábyrga auglýsingastefnu gagnvart börnum. Í meginatriðum fjallar hún um að aldrei sé auglýst beint til barna sem eru yngri en 12 ára. Gætt er að skilaboðin í auglýsingum grafi ekki undan áhrifavaldi foreldra og það traust sem börn bera til foreldra, kennara, þjálfara og annarra er ekki notað til að koma skilaboðum á framfæri í auglýsingum.

31

AFNÁM BARNA-, NAUÐUNGAR- OG ÞRÆLKUNARVINNU

Markmiði náð 

Global Compact viðmiðin segja fyrir um afnám barna-, nauðungar- og þrælkunarvinnu og að sjálfsögðu tekur Ölgerðin mið af því. Ölgerðin gerir skriflegan ráðningarsamning við alla starfsmenn í upphafi þar sem tilgreind eru laun, kröfur og vinnutími. Ölgerðin ræður aldrei börn undir 18 ára aldri til vinnu og velur sér birgja sem sjálfir tryggja þessi viðmið.

32

UMGENGNI VIÐ ÁFENGI

Markmiði náð 

Ölgerðin vill stuðla að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi. Því er t.a.m. brýnt fyrir öllum þeim, sem heimsækja Bjórskóla og Vínskóla Ölgerðarinnar, hvernig umgangast skal áfengi. Árið 2013 sátu alls 3.821 nemendur Bjórskólann og Vínskólann og hafa tæplega 10.000 nemendur setið skólana síðastliðin 4 ár.

10.000
nemendur

í bjórskólanum og
vínskólanum hafa
fengið fræðslu um
umgengni við áfengi



33

ÖRYGGI Á ÚTIHÁTÍÐUM

Markmiði náð 

Ölgerðin tengist ekki útihátíðum sem uppfylla ekki ákveðnar öryggisreglur. Ölgerðin setur fram kröfur um að ákveðin atriði sem forsendu fyrir þátttöku og þarf þeim að vera framfylgt til að Ölgerðin tengist útihátíðinni á einn eða annan hátt.

34 MERKINGAR Á UMBÚÐUM ÁFENGRU DRYKKJA

Markmiði náð 

Allar umbúðir áfengra drykkja hjá Ölgerðinni eru með merktar í dag. Þar er m.a. brynt fyrir fólki að drekka í hófi, að eigi skuli aka eftir neyslu áfengis og að ófrískum konum beri ekki að neyta áfengis. Merking tekur á ófrískum konum, akstri og að drekka í hófi

35 SKILABOÐ Á VEFSÍÐU UM ÁBYRGA NEYSLU ÁFENGIS

Ekki hafið 

Stefnt er að því að árið 2014 verði settar inn upplýsingar um ábyrga neyslu áfengis á vefsíðu Ölgerðarinnar. Þar verður bent á aldurstakmark varðandi áfengisneyslu, lög varðandi áfengisneyslu og akstur sem og aðrar forvarnir er viðkemur áfengisneyslu.

36 FYRIRSPURNIR UM INNIHALD

Markmiði náð 

Neytendum gefst kostur á að senda fyrirspurnir til Ölgerðarinnar um innihald vara. Fyrirspurnir eru sendar í gegnum tölvupóst eða vefsíður og starfa næringarfræðingur, lyfjafræðingur og örverufræðingur hjá Ölgerðinni sem svara þeim fyrirspurnum sem berast hverju sinni. Einnig berast fyrirspurnir í gegnum Facebook síður fyrirtækisins þar sem þeim er svarað af ofangreindum aðilum.

37 FJÖLGA UMHVERFISVÆNUM VÖRUM Í VINNSLU



Hjá Mjöll-Frigg eru framleiddar ýmsar umhverfisvænar vörur. Blautsápa er ein þeirra en hún er náttúrusápa ætluð til þrifa á gólfefnum og bakaraofnum. Mjöll-Frigg framleiðir umhverfisvæn þvottaefni og höfum við að markmiði að árið 2014 fáum við umhverfismerkið Svaninn á MILT fyrir allan þvott. Af þeim 48 vöruflokkum eru 13 vörur sem eru umhverfisvænar og ætlum við að fjölga þeim á komandi árum.

**Svansmerkið
á vörum okkar**



38

FJÖLBREYTT VAL NEYSLUSKAMMTA

Markmiði náð



Ölgerðin býður neytendum upp á minni neysluskammta á sykruðum gosdrykkjum. Krílin svokölluðu komu á markað sumarið 2013 við mikla ánægju neytenda.

**MINNI SKAMMTAR
MEIRA VAL**



39

UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Ekki hafið



Á öllum umbúðum vara Ölgerðarinnar eru innihaldslýsingar en því miður getur verið erfitt fyrir neytendur að ráða fram úr almennum innihaldslýsingum. Ölgerðin ætlar sér að kenna neytendum að lesa innihaldslýsingar og birta t.d. á vefsíðu vara.

40

SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGIR BIRGJAR

Í vinnslu



Ölgerðin gerir kröfu til stærstu birgja sinna um að þeir séu með samfélagsstefnu og fylgi henni. Við leggjum okkur fram við að versla aðeins við ábyrga birgja sem við erum fullviss um að eru t.d. ekki meðsek um mannréttindabrot. Í dag fylgja um helmingur birgja Ölgerðarinnar samfélagsstefnunni. Árið 2013 sendi Ölgerðin út bréf til allra birgja með upplýsingum um samfélagsstefnu sína ásamt beiðni um að fá upplýsingar um þeirra stefnu.

41

AUKIÐ ÚRVAL HOLLARA VARA

Í vinnslu



Ölgerðin hefur síðan 1994 lagt sig fram í vöruþróun á sykurlausum vörum eins og Kristal og sykurminni drykkjum eins og Kristal+. Við stefnum á enn frekari þróun sykurminni og sykurlausra vara í framtíðinni.

42

MERKINGAR UM RÁÐLAGÐA DAGSKAMMTA

Markmiði náð 

Til að einfalda neytendum að átta sig á innihaldi vara hafa allar framleiðsluvörur Ölgerðarinnar verið merktar GDA (e.Guiding Daily amount) sem segja til um magn kaloría, sykurs, fitu og salt.



43

FLOKKUN VARA

Ekki hafið 

Markmið Ölgerðarinnar er að auka framboð sitt á „Gott“, „Betra“ og „Skemmtilegt“ vöruflokknum. „Gott“ vörurnar fylgja staðli um daglega neyslu fæðutegunda og „Betra“ vörurnar eru heilsuvörur eins og heilheiti, ávextir og grænmeti, hnetur og fræ og aðrar fæðutegundir sem innihalda einnig lítið salt, fitu og viðbættan sykur.



Samfélagið

Ef að allir leggjast á eitt getum við skapað samfélag sem öllum þykir gott að búa í. Ölgerðin styður íþróttafélög og góðgerðarfélög af ýmsum toga. Eins leggjum við áherslu á hreyfingu barna og fullorðinna, fjölskylduvænt samfélag og ábyrga neyslu áfengis. Ölgerðin styður við samfélagið bæði með fjármagni til þessara þátta sem og með þátttöku í hinum ýmsu verkefnum.

44 STUÐLA AÐ HREYFINGU UNGMENNA

Ekki hafið 

Við vitum hvað hreyfing getur skipt sköpum í lífinu og stefnum við að því að vinna enn frekar að því að stuðla að hreyfingu barna og ungmenna um land allt. Unnið er að því að setja á laggirnar landsátak með fulltrúa Íþróttasambands Íslands þar sem t.a.m. öll hreyfing er skráð í hverjum bekk í áttakinu, fjöldi þátttakanda, tíma sem þeir eyða í hreyfingu o.s.frv.

45 ÖLGERÐARDAGUR

Ekki hafið 

Ölgerðin stefnir að heilsudegi fyrir alla fjölskylduna þar sem t.d. er farið í fjallgöngu og haldnar fjölskylduvænar keppnir. Skemmtilegur dagur þar sem heilbrigði og fjölskyldan eru höfð í fyrirrúmi.

46 ENGINN SVANGUR UM JÓLIN

Markmiði náð 

Við styrkjum Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálpinu um mat og drykki um jól sem og aðra daga ársins.

47 GÓÐGERÐARSTARF

Ekki hafið 

Starfsmenn Ölgerðarinnar hafa tekið þátt í ýmsum átökum svo sem Mottumars og Bleika mánuði Krabbameinsfélagsins. Ölgerðin einsetur sér að hvetja til enn frekari þátttöku í átökum sem þessum og ef t.a.m. átakið snýst um að safna áheimum þá mun Ölgerðin bæta ákveðnu hlutfalli við hjá þeim einstaklingi sem safnar mest.

48

KYNNINGAR- OG VÍSINDAFERÐIR

Markmiði náð



Ölgerðin tekur á móti gestum allt árið um kring. Gestir koma í fræðslu í vísindaferðum, hópar frá öðrum fyrirtækjum koma í heimsókn til að fræðast um starfsemina og nemendur úr grunnskólum koma í kynningar. Rúmlega 2200 manns komu í kynningar- og vísindaferðir hjá Ölgerðinni árið 2013.

49

STARFSKYNNINGAR

Markmiði náð



Grunnskólanemendur hafa tækifæri til að koma í starfsnám til Ölgerðarinnar og fræðast um hin ýmsu störf sem eru unnin þar og taka þátt í þeim. Nemendurnir eru í starfskynningu í einn til tvo daga. Alls komu 20 nemendur í starfskynningu hjá Ölgerðinni árið 2013.

50

ÞÁTTTAKA Í TÆKNIMENNTUN

Markmiði náð



Í samstarfi við Samtök Atvinnulífsins hefur Ölgerðin heimsótt Norðlingaskóla og frætt nemendur í 8. bekk um fyrirtækið með það að markmiðið að auka áhuga á tæknimenntun. 9. bekkur hefur svo tækifæri á að koma í kynningu í Ölgerðina og 10. bekkur í starfsþjálfun.

51

LOKAVERKEFNI

Markmiði náð



Ölgerðin tók þátt í sex lokaverkefnum með nemendum á framhaldsskóla og háskólastigi árið 2013. Er það liður í að efla tengsl við upprennandi þátttakendum atvinnulífsins og styðja við menntun landsmanna. Lokaverkefnin hafa verið af ýmsum toga t.d í stefnumótun, markaðsfræðum og nýsköpun.



árið 2013 tók
Ölgerðin þátt í

6

lokaverkefnum
með nemendum

52

ÖSKUDAGURINN

Markmiði náð



Ölgerðin er með opið hús fyrir börn á öskudaginn. Fjöldi barna sem hefur heimsótt Ölgerðina á öskudaginn hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár en árið 2013 voru þau 2800 og hefur fjöldi þeirra nær tvöfaldast frá því árið 2008.

53

ÁHEITASÖFNUN MEÐ HREYFINGU

Ekki hafið



Hugmyndin er sú að fá starfsmenn til að láta gott af sér leiða en þurfa í leiðinni að hafa svolítið fyrir því til að ná fyrirfram settu marki. Hreyfingin er höfð þar í fyrirrúmi til að auka heilsu starfsmanna en í leiðinni er safnað áheitum og styrkjum fyrir fyrirfram ákveðið góðgerðarfélag.

54

UN GLOBAL COMPACT

Markmiði náð



Ölgerðin hefur innleitt Global Compact sáttmála Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð. Ölgerðin hefur því skuldbundið sig að framfylgja tíu viðmiðum um samfélagslega ábyrgð sem snúa að mannréttindum, starfsmannamálum, umhverfi og aðgerðum gegn spillingu.

Við fylgjum sáttmála
Sameinuðu þjóðanna
um samfélagsábyrgð



55

VATN TIL HJÁLPARSVEITA

Markmiði náð



Ölgerðin gefur hjálpar sveitum landsins vatn og styrkir þar með það gjöfule starf sem þar fer fram.


56

MALT OG LANDSBJÖRG

Markmiði náð



Árið 2013, í tilefni af 100 ára afmæli fyrirtækisins, tók Ölgerðin höndum saman við Landsbjörgu og gaf þeim 10 krónur af hverri seldri einingu af Malti. Alls söfnuðust rúmlega 16 milljónir króna sem runnu til hins óeigingjarna starfs sem fram fer hjá Landsbjörgu og aðildarfélögum þess.



57

STYRKIR TIL ÍÞRÓTTAFÉLAGA OG GÓÐGERÐAFÉLAGA

Markmiði náð



Við styrkjum alls kyns íþróttastarf á landsvísu bæði með peningagjöfum og veitingum. Eins eru hin ýmsu góðgerðafélög styrkt. Árið 2013 styrkti Ölgerðin íþróttá- og góðgerðafélög um 130 milljónir og juku þar með framlög til styrkja um tæpar 50 milljónir frá fyrra ári. Ölgerðin styrkir einnig starfsemi SÁÁ og sýnir þar með ábyrgð gagnvart þeim sem hafa misnotað áfengi og þar með jafnvel vörur Ölgerðarinnar.

58

SUND MEÐ FJÖLSKYLDUNNI

Markmiði náð



Árið 2013 var Ölgerðin með Sumarleik Floridana og var fjölskyldum m.a. boðið í sund og vinningar í Sumarleiknum tengdust einnig sundi. Með þessu var verið að stuðla að hreyfingu og samveru fjölskyldunnar. Stefnt er að því að endurtaka leikinn í framtíðinni.

59

MÍÐLUN SAMFÉLAGSÁBYRGÐAR TIL VIÐSKIPTAVINA

Markmiði náð



Sem liður í innleiðingu samfélagsábyrgðar hjá Ölgerðinni, miðlum við skýrslum og upplýsingum til viðskiptavina okkar. Indra Nooyi forstjóri Pepsi Co heimsótti Ísland af tilefni 100 ára afmæli Ölgerðarinnar og var aðalfyrirlesarinn. Hún kynnti hvernig PepsiCo hefur sett sér skýra stefnu í þeim málum með “Performance with Purpose” stefnu fyrirtækisins. Ölgerðin hefur þá stefnu til hliðsjónar við vinnslu verkefna í tengslum við samfélagsábyrgð.

60

SAMSTARF VIÐ VINNUMÁLASTOFNUN

Markmiði náð



Ölgerðin er í samstarfi við Vinnumálastofnun, Proactive og Festu og hefur ráðið til sín starfsfólk sem hefur verið lengi á atvinnuleysissskrá og er að missa bótarétt sinn.

Umhverfið

Ölgerðin hefur frá upphafi lagt mikinn metnað í góð, umhverfisvæn tæki og tækni. Við leggjum áherslu á að framleiðsla okkar og vinna hafi ekki áhrif á umhverfið. Ölgerðin sýnir varúð í umhverfismálum m.a með því að fylgjast með sýrugildi í frárennslisvatni, endurnýtum kolsýru, flokkum sorp og leggjum okkur fram við að fækka eknum km í dreifingu. Við finnum leiðir til að nýta úrgang við framleiðslu á umhverfisvænan máta og berum ábyrgð á áhrifum sem starfsemin getur haft á umhverfið.

61 PAPPÍRSLAUS VIÐSKIPTI

Í vinnslu 

Stefnt er á pappírslaus viðskipti í framtíðinni þannig að öll viðskipti séu nótulaus, bæði við starfsfólk og viðskiptavini.

62 VATNSNOTKUN Í FRAMLEIÐSLU


Markmiði náð 

Ölgerðin hefur það að markmiði að minnka vatnsmagn fyrir hvern framleiddan lítra af gosi og bjór. Vatnsmagnið hefur minnkað um 12% frá því árið 2009 eða frá 240.574.000 lítrum í 212.058.000 lítra. Í dag notar Ölgerðin 3-4 lítra af vatni fyrir hvern lítra af bjór og þykir það einstaklega góð nýting.

Varmi sem myndast við bjórframleiðslu er nýttur til að bræða snjó af bílaplani hjá vörudreifingu, það sparar vatn og eykur öryggi starfsmanna við vinnu.

FRÁ 2009 HÖFUM
VIÐ MINNKAÐ
VATNSNOTKUN UM

12%



63 ÚRGANGSOLÍA

Markmiði náð 

Úrgangsolía er sótt til Ölgerðarinnar og henni er fargað á ábyrgan hátt til minnkunar á losun skaðlegra efna út í umhverfið. Um 400 lítrum af úrgangsolíu er fargað á ári hverju.

64 ENDURNÝTING BJÓRHRATS

Markmiði náð 

Bygghrat sem kemur vegna bjórframleiðslu er endurnýtt í fóðurframleiðslu. Árið 2013 voru 380 tonn af hrati endurnýtt í fóður og hefur það aukist jafnt og þétt undanfarin fimm ár.

65 PLÖN UPPHITUÐ MEÐ VARMA FRÁ GERJUN

Markmiði náð 

Varmi sem myndast við bjórframleiðslu er nýttur til að bræða snjó af bílaplani hjá vörudreifingu, það sparar vatn og eykur öryggi starfsmanna við vinnu.



66 AUKIÐ VÆGI INNLENDIS HRÁEFNIS

Markmiði náð 

Til að styrkja frekar undir stoðir atvinnulífsins á Íslandi og til að minnka olíunotkun við flutning vöru milli landa stefnir Ölgerðin á að auka vægi innlands hráefnis. Árið 2013 var hins vegar uppskerubrestur á Íslandi og var einungis hægt að nýta íslenskt blóðberg en kaupa þurfti bygg frá Svíþjóð.

67 FLOKKUN SORPS

Markmiði náð 

Ölgerðin ætlar sér að minnka magn sorps og auka hlutfall þess sem fer í endurvinnslu. Árið 2009 voru allar ruslatunnur í skrifstofurými fjarlægðar og settar upp flokkunartunnur á kaffistofur. Heildar kílóafjöldi sorps hefur aukist á síðastliðnum árum en á móti hefur förgun og endurvinnsla aukist gríðarlega hjá Ölgerðinni. Pappír, timbur, málmar, lífrænn úrgangur, gler, spilliefni, gifs, plast, hrat og rafeindabúnaður er allt flokkað og endurnýtt, endurrunnið eða fargað á umhverfissvænan máta.



68

ENDURVINNSLA BRETTA

Markmiði náð



Ölgerðin endurvinnur og endurnýtir öll sín bretti. Ónýt bretti eru send í endurvinnslu. En löskuð bretti eru gefin í Brettavinnsluna.

69

ENDURVINNSLA PAPPA

Í vinnslu



Pappaspjöld sem sett eru milli hæða á brettum og milli vara eru endurnýtt hjá Ölgerðinni. Þegar þau eru ónýt fara þau í endurvinnslu. Markmiðið er að endurnýta fleiri pappaspjöld og endurvinna m.a. þau sem fara út á markaðinn.

70

ENDURVINNSLA Á UMBÚÐUM HRÁEFNA

Markmiði náð



Allar umbúðir úr plasti sem falla til við framleiðslu eru endurunnar. Meðal annars er um að ræða sykursekki, bláar tunnur og 1000 lítra tanka. Starfsmannafélag Ölgerðarinnar fær ágóðan af endurvinnslunni.

71

AUKA NOTKUN SPARPERA

Í vinnslu



Til að draga úr rafmagnsnotkun stefnir Ölgerðin á aukna notkun sparpera. Í dag eru flúrperur notaðar sem eru ekki eins umhverfisvænar og mun orkufrekari. Markmiðið er að öll ný ljós verði vistvæn og keyptar verði sparperur þar sem hægt er að koma því við.



KAUPUM
SPARPERUR

72

ENDURVINNSLA Á FRAMLEIÐSLUTÆKJUM

Markmiði náð



Stefna Ölgerðarinnar er að selja nothæf tæki sem eru ekki í notkun til annarra aðila. Tæki sem eru ónýt er fargað á umhverfisvænan máta.

73

MINNKA RAFMAGNSNOTKUN

Í vinnslu



Ölgerðin er með fjölbreytta starfsemi og því notum við fjölda seldra eininga sem mælikvarða fyrir rafmagnsnotkun. Slíkur mælikvarði er lýsandi fyrir meðaltal rafmagnsnotkunar á hverja vöru, hvort sem hún er framleidd hjá okkur, geymd í frysti eða viðkvæm ferskvara.



74

MINNKA ÓÞARFA KEYRSLU Á LOFTPRESSUM

Markmiði náð



Ný loftlagn hafa verið sett upp til að minnka óþarfa keyrslu á loftpressum. Það hefur leitt til um 4 klst. orkusparnaðar á viku. Starfsmenn eru einnig fræddir um orkusparnaðinn og sóun á orku.

75

NÝTING FRAMLEIDDRAR KOLSÝRU

Markmiði náð



Kolsýru, sem verður til við gerjun, er safnað og hún nýtt til gosframleiðslu. Um 80% af kolsýru er safnað og hefur sú söfnun aukist sl. ár. Með því að endurnýta framleidda kolsýru minnkum við útblástur gróðurhúsalofttegunda.

76

BÆTA FLOKKUN Á SORPI

Í vinnslu



Ruslafötur á skrifstofum Ölgerðarinnar er einungis að finna í kaffikjörnum. Ruslaföturnar eru flokkunarfötur og þeim er skipt í fjóra flokka; lífrænt, pappír, plast og almennt sorp. Árið 2014 ætlum við okkur að setja upp hvatakerfi á kaffikjarnana til að bæta sorpflokkun enn frekar.

77

FRÁRENNSLI

Í vinnslu



Fylgst er með sýrustigi frárennslis, eða PH gildi og gætt að það sé innan leyfilegra marka. Þetta er einn liður í því að sýna ábyrgð gagnvart okkar nærumhverfi.

78 PRENTUN Á AUGLÝSINGAEFNI

Í vinnslu 

Ölgerðin prentar oft of mikið af auglýsingaefni þar sem prentkostnaður á hverja einingu minnkar eftir því sem meira magn er prentað. Stefna Ölgerðarinnar er að minnka magn af ónotuðu prentefni, prenta minna og velja einungis umhverfisvænar prentsmiðjur. Starfsmenn eru hvattir til að sýna umhverfisvæna ábyrgð í vali á prentmagni.

79 ENDURVINNSLA UMBÚÐA

Í vinnslu 

Ölgerðin stefnir á frekari endurvinnslu og fræðslu til almennings um endurvinnsluaðferðir. Umbúðir verða merktar um endurvinnslu og fræðsla um endurvinnslu verður að finna á vefsíðu Ölgerðarinnar.

80 PAPPÍR ER EKKI RUSL

Ekki hafið 

Ölgerðin ætlar að merkja allar umbúðir með áminningu um að pappír er ekki rusl heldur skal endurvinna. Merkingar verða settar á pappa og pappabakka sem og bréfsefni sem að sjálfsögðu verða endurunin.

Árið 2013 keyptum við **3960 kg** af pappír og **4360 kg** voru send til endurvinnslu



81 ÍLÁT FYRIR ENDURVINNANLEGT SORP

Í vinnslu 

Á hinum ýmsu viðburðum sem Ölgerðin tekur þátt í eða stendur fyrir mun Ölgerðin útvega ílát fyrir endurvinnanlegt sorp sem verður til af vörum fyrirtækisins svo unnt verði að flokka rusl sem fellur til.

82 ENDURVINNSLA Á RAFTÆKJABÚNAÐI

Markmiði náð 

Tölvuskjái, tölvur og annar raftækjabúnaður er endurnýttur og gefinn til Fjölsmiðjunnar, vinnusetur fyrir ungt fólk á krossgötum. Raftækjabúnaður sem er ónýtur er fargað á ábyrgan hátt.

83 ENDURVINNSLA Á FARSÍMUM

Ekki hafið 

Starfsmenn eru hvattir til að nýta símana sína þar til þeir eru ónýtir þar sem því verður við komið. Starfsmenn eru hvattir til að koma með ónýta síma, þeim er safnað saman og þeir gefnir til Fjölsmiðjunnar.

84 DRAGA ÚR PAPPÍRSNOTKUN

Í vinnslu 

Ölgerðin hefur sett upp umhverfissvæna stefnu er kemur að pappírnotkun. Starfsmenn verða hvattir til að prenta einungis efni sem nauðsynlegt er að prenta og prenta báðum megin. Almennt er talið að um 15% af útprentun fyrirtækja sé vannýtt og vill Ölgerðin að sjálfsgöðu koma í veg fyrir það. Unnið er að uppsetningu aðgangsstýrðra prentara.

85 DRAGA ÚR LITAPRENTUN

Í vinnslu 

Til að draga úr sóun einsetur Ölgerðin sér að prenta frekar út í svart-hvítu heldur en í lit. Með því að draga úr litaprentun höfum við jákvæð áhrif á náttúruna því framleiðsla prenthylkja og förgun hefur áhrif.

86 SLÖKKVA Á RAFTÆKJUM

Í vinnslu 

Til orkusparnaðar skal slökkt á tölvum, skjám, viftum og öðrum raftækjum þegar þau eru ekki notkun. Árið 2013 settum við sjálfvirka slökkun á alla tölvuskjái til að spara rafmagn. Þá slökknar sjálfkrafa eftir klukkan 18 á daginn og eftir 10 mínútna fjarveru frá tölvu.

VIÐ SLÖKKVUM Á RAFTÆKJUM
ÞEGAR EKKI ER VERIÐ AÐ NOTA ÞAU



87 RAFORKUSPARNADUR Í LÝSINGU

Markmiði náð 

Ljós á skrifstofum Ölgerðarinnar eru slökkt sjálfkrafa klukkan 18 á daginn. Það eru ljósastýringar á öllum salernum sem og öðrum rýmum þar sem er ekki stanslaus umgangur. Hreyfiskynjarar eru því í þeim rýmum til að koma í veg fyrir að ljós logi ekki til lengri tíma í ónýttum rýmum.

88

ORKUNOTKUN KÆLITÆKJA

Ekki hafið



Í dag notar Ölgerðin R134 kælmiðilinn í öllum kæliskápum en Ölgerðin stefnir á að setja upp R600 kælmiðillinn sem er umhverfisvænni og dregur úr orkunotkun.

89

DRAGA ÚR OLÍUNOTKUN

Markmiði náð



Ölgerðin hefur innleitt ýmsa ferla til að draga úr frekari olíu-og eldsneytisnotkun. Flotaolía hefur dregist verulega saman síðustu fimm ár eða um þriðjung. Dreifingarleiðir hafa verið endurskoðaðar með hagræðingu í huga og hefur þar með dregið úr akstri dreifingar.

90

DRAGA ÚR NOTKUN PLASTS

Markmiði náð



Ölgerðin hefur dregið verulega úr notkun PET (Polyethylene terephthalate) plasts í umbúðum og töppum. Umbúðirnar eru því orðnar léttari og fer minna plast í hverja flösku. Notkun á plasti hefur dregist saman um 10% síðustu ár sem samsvarar til um 79 tonna af plasti á ári hverju.

91

DRAGA ÚR YTRI UMBÚÐUM OG ENDURNÝTING

Markmiði náð



Ölgerðin hefur dregið úr notkun krumpufilmu í pakkningum sínum eða um tæp 30% síðan árið 2006 sem samsvarar um 20 tonnum á ári. Kassar í vöruhúsi eru endurnýttir við þökkun minni pantana.

92

DRAGA ÚR NOTKUN NAGLADEKKJA

Í vinnslu



Allir ökumenn eru hvattir til að sleppa nagladekkjum nema í neyð til að minnka slit á vegum og draga úr svífryksmengun. Einungis um 23% af ökutækjafloða Ölgerðarinnar er á nagladekkjum á veturna.

93

STOPPUM LAUSAGANG BÍLA

Ekki hafið



Starfsfólk er hvatt til að hætta lausagangi bíla. Lausagangur bíla leiðir til mikillar mengunar og er óþarfa eyðsla á orku. Ölgerðin einsetur sér að setja ökurita í alla bíla sína og fræða starfsfólk um mengunina sem kemur af lausagangi bifreiða.

Skiljum ekki bílinn
eftir í gangi og
minnkum mengum



94

MINNKA NOTKUN JARÐEFNAELDSNEYTIS

Markmiði náð



Með því að draga úr akstri og stækka pantanir er hægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Ölgerðin hefur sett upp betri dreifingaráætlun en akstur hefur þar af leiðandi dregist saman um 10% síðustu tvö ár. Ölgerðin ætlar að draga enn frekar úr notkun jarðefnaeldsneytis með því að endurskoða keyrslu sölumanna, og draga úr fjölda ekinna kílómetra. Eins eru aldrei keyptir nýir bílar sem eyða og menga meira en þeir bílar sem verið er að endurnýja.

95

ÚTBLÁSTUR CO2

Markmiði náð



Með því að draga úr akstri og olíunotkun drögum við einnig úr útblástri koldíoxíð. Þrátt fyrir aukningu í sölu hjá Ölgerðinni hefur okkur tekist, með enduskipulagningu akstursleiða, að draga úr olíunotkun sl. fimm ár og fækka eignum km í dreifingu um 10% síðustu tvö ár.

Förum styttri leiðina
og spörum olíu og
minnkum útblástur



96

ENDURVINNSLA Á KÆLITÆKJUM

Markmiði náð



Öll tæki sem eru afskráð hjá Ölgerðinni fara í endurvinnslu hjá Hringrás eða notuð í varahluti.

97

GRÆNT BÓKHALD

Í vinnslu



Ölgerðin hefur dregið verulega úr útprentun á ýmsu bókhaldsefni til að draga úr pappírnotkun. Skýrslur eru ekki lengur prentaðar út heldur vistaðar í sameiginlegu drifi, færslubækur eru ekki prentaðar út nema í sérstökum tilvikum og afrit af textareikningum eru ekki prentuð út. Verið að vinna að ferlum í tengslum við að bókanir milli fyrirtækja séu ekki prentaðar út heldur sendar rafrænt og að reikningar sem berast Ölgerðinni berist einungis

rafrænt. Reikningar frá Ölgerðinni verða eingöngu rafrænar í framtíðinni og verið er að innleiða pappírslausa greiðsluseðla.

98 KOLEFNISJÖFNUN

Markmiði náð 

Iceland Spring, dótturfélag Ölgerðarinnar, hefur gert samning við Kolvið og plantar trjám á Íslandi í samræmi við magn kolefnisútblasturs sem myndast við flutning á vatninu til Bandaríkjanna. Ölgerðin stefnir á frekari samvinnu við Kolvið í framtíðinni.

99 INNKAUP Á ORKUSPARANDI TÆKJUM

Markmiði náð 

Til að standast kröfur um umhverfisvernd er stefna Ölgerðarinnar að leitast við að kaupa inn orkusparandi tæki þegar kostur er á.

100 FÖRGUN VARA

Markmiði náð 

Vörum er fargað á ábyrgan hátt hjá Ölgerðinni, fylgst er með hversu miklu er fargað og markmiðið er að endurnýta frekar og endurvinna. Vörum sem verður að farga eru sendar í efnavörumóttöku.

Að lokum

Árið 2013 var sérstaklega skemmtilegt, enda 100 ára afmælisár og margt áunnist, við lærðum fjölmargt um samfélagsábyrgð og vorum áhugasöm að flétta verkefnið enn betur við dagleg störf. Það kom okkur öllum á óvart þegar 100 verkefnið höfðu verið skilgreind hvað mörg þeirra voru í raun þegar hafin, eitthvað sem við höfðum þegar byrjað að mæla og sett okkur markmið um. Nú er aðeins að forgangsraða þeim verkefnum sem ekki eru hafin og hefjast handa við að þróa þau enn frekar á árinu 2014.